

Fundargerð 826. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2015, föstudaginn 27. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Björk Vilhelmsdóttir, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir í símasambandi frá Hveragerði, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ragnar Frank Kristjánsson í forföllum Höllu Sigríðar Steinólfsdóttur.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 824. og 825. fundar - 1412022SA

Lagðar fram til staðfestingar fundargerðir 824. og 825. fundar frá 30. janúar og 16. febrúar 2015.

Fundargerðirnar voru staðfestar og undirritaðar.

2. Vinnumarkaðsskýrsla - 1305035SA

Lögð fram skýrslan í aðdraganda kjarasamninga - Efnahagssumhverfi og launaþróun, dags. í febrúar 2015, sem samstarfsnefnd stærstu aðila á vinnumarkaði um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga hefur tekið saman.

Benedikt Þór Valsson, hagfræðingur á kjarasviði sambandsins, kom á fundinn og kynnti helstu niðurstöður skýrslunnar og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna.

3. Skólamálanefnd sambandsins - 0504189SA

Lögð fram fundargerð 90. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 9. febrúar 2015.

4. Verkefnisstjórn um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 0801025SA

Lögð fram fundargerð 34. fundar verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála frá 16. febrúar 2015.

Vakin var sérstök athygli á málþingi sem sambandið stendur fyrir um meðhöndlun úrgangs, Minni sóun – meiri hagkvæmni, sem haldið verður fimmtudaginn 19. mars nk. og var dagskrá málþingsins dreift á fundinum.

5. Endurskipan fulltrúa í skipulagsmálanefnd sambandsins - 0910016SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 23. febrúar 2015, um endurskipun eins fulltrúa í skipulagsmálanefnd sambandsins.

Samþykkt var að skipa Arnbjörgu Sveinsdóttur, forseta bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar, í skipulagsmálanefnd sambandsins í stað Eyglóar Kristjánsdóttur, fráfarandi sveitarstjóra í Skaftárhreppi.

6. Ársreikningur Samband íslenskra sveitarfélaga 2014 - 1501036SA

Lagður fram til staðfestingar ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og áritaður af kjörnum skoðunarmönnum sambandsins, sem leggja til að reikningurinn verði samþykktur. Einnig lögð fram endurskoðunarskýrsla, dags. 25. febrúar 2015.

Á fundinn kom löggiltur endurskoðandi sambandsins, Auðunn Guðjónsson frá KPMG ehf., og gerði nánari grein fyrir endurskoðunarskýrslunni og ársreikningi sambandsins og ársreikningi Bakhjarls sambandsins.

Ársreikningur sambandsins fyrir árið 2014 var staðfestur og undirritaður af stjórnarmönnum.

7. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2014 - 1501037SA

Lagður fram til staðfestingar ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og áritaður af kjörnum skoðunarmönnum sambandsins, sem leggja til að reikningurinn verði samþykktur.

Ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2014 var staðfestur og undirritaður af stjórnarmönnum sambandsins.

8. Kjarasamningar 2014 - 1311072SA

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kennarasambands Íslands f.h. Félags grunnskólakennara, dags. 16. febrúar 2015, um breytingar á kjarasamningi aðila. Einnig lagður fram Leiðarvísir að vinnumati grunnskólakennara, dags. 13. febrúar 2015.

Stjórnin samþykkti fyrir sitt leyti framlagðan leiðarvísi að vinnumati grunnskólakennara frá 13. febrúar 2015.

9. Staða viðræðna um viðaukasamkomulag vegna tónlistarfræðslu - 1403035SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 24. febrúar 2015, um stöðu viðræðna við ráðuneyti um viðaukasamkomulag vegna tónlistarfræðslu. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði nánari grein fyrir minnisblaðinu og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga felur framkvæmdastjóra sambandsins að ljúka gerð viðaukasamkomulags við samkomulag milli ríkisins og sambandsins um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda tónlistarnáms frá 13. maí 2011 og framlengingu þess samkomulags frá 5. mars 2014 með tilvísun til minnisblaðs lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins frá 24. febrúar 2015 og umræðna á fundinum.

Gunnar Axel Axelsson vék af fundi kl. 13:50.

10. Þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk - 0712408SA

Lögð fram samþykkt stjórnarfundar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, dags. 23. febrúar 2015, þar sem því er beint til aðildarsveitarfélaganna að óska eftir viðræðum við velferðarráðuneytið um að ríkið taki við málaflokki fatlaðs fólks á Vestfjörðum úr höndum sveitarfélaga vegna aðstæðna sem upp eru komnar og eru frekar skýrðar í samþykktinni.

Framkvæmdastjóri greindi frá störfum verkefnisstjórnar um endurmat á yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk sem fundar nú vikulega og stefnir að því að skila niðurstöðum fyrir lok apríl nk. Fjallað verður um endurmatsvinnuna á stjórnarfundum sambandsins 27. mars nk. og einnig á landsþingi sambandsins sem haldið verður 17. apríl nk. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir áhyggjum af þeirri þróun, sem margir sveitarstjórnarmenn hafa greint frá undanfarið, að ekki sé næg fjármögnun til að standa undir útgjöldum við þjónustu við fatlað fólk.

Sveitarfélögin hafa lagt metnað sinn í að standa vel að þessari þjónustu og mikilvægt er að endurmatið taki mið af því og að ekki verði horfið til baka í þeirri viðleitni. Stjórn sambandsins leggur áhersla á, að niðurstöður endurmatsins leiði til þess að framtíðarfjármögnun þjónustunnar verði tryggð og ekki þurfi að koma til þess að sveitarfélögin verði að skila verkefninu aftur til ríkisins. Að sama skapi er áriðandi að útkoma endurmatsins, og samningaviðræðna á grundvelli þess, liggi fyrir sem fyrst til að draga úr þeirri óvissu sem skapast hefur í málaflokknum vegna vanfjármögnunar hans.

Náist ekki niðurstaða fyrir mitt þetta ár um fullnægjandi fjármögnun þjónustunnar til framtíðar, að mati stjórnar sambandsins, verði þegar hafist handa við að undirbúa það að ríkið taki málaflokkinn aftur til sín frá næstu áramótum.

11. Tilnefning í Kirkjugarðaráð - 1501022SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Biskupsstofu, dags. 5. febrúar 2015, þar sem Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, er tilnefndur sem aðalmaður í kirkjugarðaráð, og Margrét Jónsdóttir, bóndi og sveitarstjórnarfulltrúi í Flóahreppi, til vara.

12. Tilnefning í starfshóp til undirbúnings ráðstefnu um æskulýðs- og tómstundamál - 1502001SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa, dags. 9. febrúar 2015, þar sem Valur Ráfn Halldórsson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins, er tilnefndur í starfshóp til undirbúnings ráðstefnu um æskulýðs- og tómstundamál.

13. Tilnefning í starfshóp um innleiðingu tilskipana er varða opinber innkaup - 1502028SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 18. febrúar 2015, þar sem Eyþóra Kristín Geirsdóttir, lögfræðingur hjá borgarlögmanni, er tilnefnd í starfshóp um innleiðingu tilskipana er varða opinber innkaup.

14. Tilnefning í fagráð til ráðgjafar Mannvirkjastofnunar um málefni Brunamálaskólans - 1502002SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 20. febrúar 2015, þar sem Þóra Björg Jónsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í fagráð sem hefur það hlutverk að vera Mannvirkjastofnun til ráðgjafar um fagleg málefni Brunamálaskólans, og Berglind Eva Ólafsdóttir, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, til vara.

15. Umsögn um frumvarp til laga um örnefni - 1405003SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 29. janúar 2015, um frumvarp til laga um örnefni, 403. mál.

16. Umsögn um breytingartillögu við þingsályktunartillögu um breytingu á rammaáætlun - 1411016SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 9. febrúar 2015, um breytingartillögu við þingsályktunartillögu um breytingu á rammaáætlun, 244. mál.

Stjórnarmennirnir Sigurður Björn Blöndal, Björk Vilhelmsdóttir og Ragnar Frank Kristjánsson lögðu fram eftirfarandi bókun:

Gerður er fyrirvari við þann hluta umsagnar sambandsins þar sem tekið er undir sérálit fulltrúa þess í verkefnastjórn um rammaáætlun. Fulltrúinn leggur til að þrír virkjanakostir í neðri hluta Þjórsár færast úr biðflokki í nýtingarflokk. Sú afstaða sem fram kemur í sérálitinu gengur lengra en tillaga meirihluta verkefnisstjórnar, sem eingöngu lagði til að Hvammsvirkjun í Þjórsá færðist í nýtingarflokk.

Eðlilegra væri að byggja á niðurstöðu meirihluta verkefnisstjórnarinnar. Við teljum ólíklegt að nokkur sátt náist um að Urriðafossvirkjun fari í nýtingu. Urriðafoss er þjóðargersemi, þá gersemi ber að verja.

17. Umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála - 1502011SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 18. febrúar 2015, um frumvarp til laga um stjórn vatnamála, 511. mál.

18. Umsögn um frumvarp til laga um náttúrupassa - 1502008SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 20. febrúar 2015, um frumvarp til laga um náttúrupassa, 455. mál.

19. Umsögn um frumvarp til laga um Menntamálastofnun - 1501044SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 23. febrúar 2015, um frumvarp til laga um Menntamálastofnun, 456. mál.

20. Umsögn um frumvarp til laga um leigu skráningarskyldra ökutækja - 1502036SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags.

23. febrúar 2015, um frumvarp til laga um leigu skráningarskyldra ökutækja, 421. mál.

21. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla - 1502037SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 23. febrúar 2015, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, 426. mál.

22. Umsögn um frumvarp um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum - 1409017SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 20. febrúar 2015, um frumvarp um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 427. mál.

23. Umsögn um frumvarp til laga um aukna vinnuvernd og notendastýrða persónulega aðstoð - 1502015SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 21. febrúar 2015, um frumvarp til laga um aukna vinnuvernd og notendastýrða persónulega aðstoð, 454. mál.

24. Umsögn um frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum - 1402023SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 24. febrúar 2015, um umsögn um frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, 512. mál.

25. Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs 2015 - 1002005SA

Lagt fram til kynningar fréttabréf hag- og upplýsingasviðs sambandsins, 2. tbl. 2015, um útkomuspá 2014.

Fundi var slitið kl. 14:45.

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Björk Vilhelmsdóttir

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Ragnar Frank Kristjánsson

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnhildur Ingvarsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari